

# **FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS**

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

## **SAMNINGUR UM AÐALSKRÁNINGU FORNLEIFA Í SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPÍ**

Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Fornleifastofnun Íslands ses gera með sér svofelldan samning um fornleifaskráningu í sveitarfélaginu:

### *1. Verkefni*

Í samræmi við óskir sveitarfélagsins snýst þessi samningur um skráningu á þekktum minjum í Skeiðahreppi hinum gamla (áætlað 1000-1200 fornleifar) og þær minjar sem enn eru óskráðar í Þjórsárdal (um 20-30 staðir). Þegar skráningu þar lýkur er reiknað með að framhaldssamningur verði gerður um skráningu í gamla Gnúpverjahreppi.

Verkefni það sem Fornleifastofnun Íslands tekur að í þessum samningi er að aðalskrá fornleifar í gamla Skeiðahreppi eftir því sem hér segir:

*Að aðalskrá fornleifar á öllum lögþjólsjörðum í breppnum og semja skýrslu um verkið. Gert er ráð fyrir að skráningin fari fram á samfelldu sveði sem verði forgangsraðað í samvinnu við sveitarfélagið. Fyrsti áfangi skráningar hefst þar sem frá var horfið í Þjórsárdal og syðst í Skeiðahreppi og dreifist hann á haustið 2019 og sumarið 2020. Í seinni áföngunum tveimur verður haldið áfram til norðurs Skeiðahrepp og gert ráð fyrir að þjúka þar skráningu sumarið 2022.*

### *2. Umfang*

Skráðar verða um allt að 400 fornleifar í hverjum áfanga, árin 2019-2022. Unnið verður úr skráningu á vetrarmánuðum og skýrslu um skráninguna ásamt uppmælingum skilað í lok hvers árs (áfanga). Sökum þess að ekki nádist að gera samning um fyrsta áfanga fyrr en um miðjan september 2019 var ákveðið að skipta fyrsta áfanga verksins í two hluta og skrá allt að 100 minjar í forgangi (Kílhraun, Kálflhóll og Þjórsárdalur) haustið 2019 en stærstan hluta áfangans, allt að 300 minjar, sumarið 2020. Aðrir áfangar verða skráðir í einu lagi, áfangi 2 sumarið 2021 og áfangi 3 sumarið 2022.

### *3. Um samstarf*

Fornleifaskráning er lögbundin forsenda skipulagsvinnu. Auk gagns við skipulagsgerð og aðra hagnýtingu, þá er kortlagning fornleifa grunnrannsókn í eðli sínu og hefur því sérstakt vísindalegt gildi. Í ljósi þessa er það mat Fornleifastofnunar Íslands að skráningarinnan sé sameiginlegt hagsmunamál beggja samningsaðila. Verður skráningin því ekki seld sem sérfræðiþjónusta, heldur greiðir sveitarfélagið kostnaðarverð, þ.e. sem samsvarar lægsta mögulega tímagjaldi. Mismunurinn verður framlag Fornleifastofnunar til samstarfsins, sem jafnframt áskilur sér notkunarrétt á afrakstri skráningarinnar til áframhaldandi vísindastarfa í héraðinu síðar.

### *4. Kostnaður*

Kostnaður á aðalskráða fornleif á vettvangi er sá sami og áætlaður var í samningi frá 2016 eða 7500 kr. og líkt og í þeim samningi er talan vísítolubundin með grunnvísitölu m.v. september 2016.\* Allar tölur eru án virðisauka. Árlegur kostnaður verður að hámarki  $400 \times 7500 \text{ kr.} = 3.000.000 \text{ kr}$  (auk vsk og vísítoluhækunar). Aðeins verður rukkað fyrir þann fjölda fornleifa sem skráður er á hverju ári. Kostnaður vegna fyrsta áfanga dreifist því á tvö ár, 2019 (100 x 7500

\* með grunnvísitölu neysluverðs júnímánaðar ár hvert



# **FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS**

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

kr) og 2020 (300 x 7500 kr). Innifalið í verði er allur kostnaður við skráninguna, að frátöldu húsnæði sem sveitarfélagið mun greiða/útvega.

## *5. Önnur framlög*

Skeiða- og Gnúpverjahreppur leggur til:

- a) stafrænar loftmyndir til notkunar við skráninguna
- b) húsnæði fyrir skráningu á vettvangi

Fornleifastofnun leggur til:

- a) fyrirliggjandi svæðisskráningargögn
- b) framlag Fornleifastofnunar er að öðru leyti fólgíð í verulegum afslætti af tímajaldi við sérfræðivinnu.

## *6. Greiðslur*

Greiðslur fyrir hvern verkáfanga skiptast í two hluta. Helmingsgreiðsla verður greidd við upphaf vettvangsvinnu en síðari hluti kostnaðar við verklok í lok hvers áfanga. Seinni hluti greiðslu vegna skráningar haustið 2019 verður greiddur þegar uppmælingum vegna verksins verður skilað, í desember 2019.

## *7. Verklok og skýrsluskil*

Aðalskráningin er unnin skv. skilyrðum reglugerðarákvæðis um fornleifaskráningu sbr. 16. gr. laga um menningarmínjar. Verkefni þetta er jafnframt liður í heildarskráningu fornleifa á Íslandi á vegum Fornleifastofnunar Íslands og unnið samkvæmt stöðlum stofnunarinnar um skráningu fornleifa. Við fornleifaskráningu fylgir Fornleifastofnun lögbundinni skilgreiningu á fornleifum sem miðast við að hver fornleif (eining) sé skráð sérstaklega, hún fái sitt eigið kenninúmer, sé lýst, númeruð og skráð.

## *8. Um framhald*

Samningur þessi nær til minja í Skeiðahreppi en að auki til þeirra minja sem enn eru óskráðar í Þjórsárdal (20-30 minjastaðir). Gert er ráð fyrir að hægt sé að ljúka skráningu á þessum svæðum á 3 árum, miðað við að skráðar séu allt að 400 minjar á ári en endanlegur fjöldi fornleifa kemur þó í ljós við vettvangsvinnu.


Fornleifastofnun mun láta fjölfalda aðalskráningarskýrslu og sveitarféluginu verða afhent tvö eintök. Eitt eintak verður sent Landsbókasafni Íslands, Þjóðminjasafni Íslands og Minjastofnun Íslands. Fornleifastofnun Íslands mun birta skýrsluna á heimasíðu sinni, og mun sveitarfélagið og Minjastofnun Íslands jafnframt fá skýrsluna athenta á tölvutæku formi.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur fullan afnotarétt af afrakstri skráningarinnar en höfunda ber ætíð að geta.

Allar fjárhæðir eru bundnar vísitölu neysluverðs júnímánaðar ár hvert með grunnvísitölu m.v. september 2016.

Samningur þessi öðlast gildi við undirskrift og lýkur honum við skil skýrslu og þegar kostnaður hefur verið greiddur.

Fulltrúi Fornleifastofnunar Íslands gagnvart Skeiða- og Gnúpverjahreppi er Elín Ósk



# **FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS**

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

2. áfangi 2021


## **Jörð**

ÁR-250 Árhraun  
ÁR-251 Ólafsvellir  
ÁR-234 Framnes  
ÁR-237 Ósabakki  
ÁR-252 Vesturkot  
ÁR-253 Minni-Ólafsvellir  
ÁR-254 Björniskot  
ÁR-255 Norðurgarður  
ÁR-256 Andrésfjós  
ÁR-238 Reykir  
ÁR-240 Hlemmiskeið  
**Þekktir minjastaðir á svæðinu: 286,  
að skráningu lokinni er áætlað að  
þeir verði um 400.**

3. áfangi 2022

## **Jörð**

ÁR-233 Fjall  
ÁR-257 Brúnavelli efri  
ÁR-258 Brúnavelli syðri  
ÁR-259 Brúnavallakot  
ÁR-261 Miðbýli  
ÁR-260 Vorsabær  
ÁR-235 Birnustaðir  
ÁR-236 Álfssstaðir  
**Þekktir minjastaðir á svæðinu:  
265, að skráningu lokinni er  
áætlað að þeir verði um 370.**



# FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

Hreiðarsdóttir. Fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps gagnvart Fornleifastofnun er Kristófer Tómasson sveitarstjóri.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða eintök.

Írnes, 27.09.2019

Staður og dagsetning

Írnes, 27.09.2019

Staður og dagsetning

F. h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

~~Kristófer Tómasson  
Skeiða- og  
Gnúpverjahrepps~~

F.h. Fornleifastofnunar Íslands ses

E.H. Ragnheiður G. Guðmundsson  
Elín Ósk Hreiðarsdóttir

Vottar að réttri undirskrift

Kristjana Hreyðing 291250-3579

Kolbrún Þórssdóttir 2104645499

Verkáætlun:

1. áfangi 2019-2020

## Jörð

ÁR-246 Kílhraun  
ÁR-247 Borgarkot  
ÁR-244 Skeiðháholt  
ÁR-248 Arakot  
ÁR-245 Kálfhóll  
ÁR-249 Langamýri  
ÁR-243 Blesastaðir  
Þjórsárdalur klára- 20 staðir ca?  
ÁR-241 Brjánssstaðir  
ÁR-242 Votamýri  
**Þekktir minjastaðir á svæðinu: 255, að skráningu lokinni er áætlað að þeir verði um 360.**